

Valgreinar

Val í námi er hluti af skólustefnu hvers sveitarfélags og skóla. Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla skal nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem svarar til allt að fimmtungi námstímans en skólar geta skipulagt mismunandi hlutfall valgreina eftir árgöngum. Tilgangurinn með valfrelsi nemenda á unglingastigi er að hægt sé að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform, í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa.

Að ósk foreldra er heimilt að meta sem nám tímabundna þátttöku nemenda í atvinnulífi og reglubundna þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi enda falli það að markmiðum skólstarfs. Einnig er heimilt að meta skipulagt nám, sem stundað er utan grunnskóla, til valgreina, t.d. nám við framhaldsskóla, listaskóla og málaskóla. Í hverju tilviki metur viðkomandi skóli umfang slíks náms og gæta þarf jafnræðis í afgreiðslu mála. Við það skal miðað að það nemi ekki meira en sem svarar 160 mínútum vikulega á hverju skólaári á unglingastigi.

Framboð valgreina er mismunandi á ári hverju. Nemendur velja þær greinar sem þeir hafa mestan áhuga á og síðan aðrar greinar til vara. Því miður er ekki hægt að verða við óskum allra en takmarkaður fjöldi kemst í hvern hóp. Mjög mikilvægt er að val nemenda sé vel ígrundað svo ekki þurfi að gera breytingar eftir að búið er að velja.

Valgreinar eru kenndar tvisvar í viku á unglingastigi, tvær kennslustundir í senn. Þær valgreinar sem í boði eru í GBF skólaárið 2017-2018 á haust og vorönn

Kleppjárnsreykjadeild	Varmalandsdeild
-----------------------	-----------------

Haustönn	Vorönn	Haustönn	Vorönn
Bóklegt nám	Bóklegt nám	Heimilisfræði	Heimilisfræði
Forritun	Spilaval	Útinám	Smíðar
Textil	Litafræði	Myndmennt	Textil
Myndmennt	Heimilisfræði	Textil	Útinám
Kvikmyndir/kökuskreytingar	Skólablað	Bóklegt nám	Heimanám
Smíðar	Litun/Textil	Nemendafélagsstjórn	Myndmennt
Nemendafélagsstjórn	Nemendafélagsstjórn		Nemendafélagsstjórn

Á skólaárinu 2017-2018 gefst nemendum í 5.-10.bekk að vinna verkefni sem tengjast þeirra áhugasviði. Til þessa verkefnis eru settar inn tvær kennslustundir á viku.

Nemendur velja sér viðfangsefni eftir sínu áhugasviði. Þeir setja sér markmið og ákveða hvernig þeir ætla að vinna verkefnið, á hve löngum tíma og með hvaða hætti þeir munu skila því af sér. Verkefni geta verið unnin einstaklingslega eða í hópum.